Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Undirbúningur og eftirlit	ÍS-Leyfur	1. Í gagnagrunninum Ísleyfi er haldið utan um eftirlit með skráningum dýralækna í gagnagrunninn Heilsu og almenna dýralyfjanotkun þeirra. Héraðsdýralæknir (HD) framkvæmir reglubundið eftirlit tvisvar á ári, hann skoðar fyrri skýrslur í Ísleyfi sem og upplýsingar í skilaboðaflipa. HD kynnir sér í málaskrá nýleg samskipti við dýralækni vegna eftirlits og/eða útistandandi úrbóta (sjá einnig kafla 3 í skoðunarhandbók um lyfjamál og störf dýralækna, LBE-197). Eftirlitið er skrifborðseftirlit sbr. kafla 1 í skoðunarhandbók. Farið er yfir athugasemdir úr fyrri skoðunum/eftirliti, jafnt frávik (F) sem alvarleg frávik (AF) og athugað hvort þau hafi verið lagfærð eða séu “undir stjórn”. Fagsviðsstjóri lyfjamála (FL) og sérgreinadýralæknir sýklalyfjaónæmis (SSó) framkvæma viðbótareftirlit sbr. kafla 2.3 í skoðunarhandbók.
2. Gerð og afhending skýrslu	Skýrsla / t-póstur	2. Eftirlitsskýrsla skv. tl. 1 er gerð í Ísleyfi og send þaðan í t-pósti til dýralæknis. Ef ræða þarf niðurstöður eftirlitsins við fagsviðsstjóra / sérgreinadýralækni / næsta yfirmann er skýrslu haldið opinni og tekin skal afstaða til vafaatriða í síðasta lagi innan 7 virkra daga frá eftirliti.
3. Eftirfylgni	Ný skýrsla / t-póstur	3. Sé um eftirfylgni að ræða kemur áætluð dagsetning eftirfylgniskoðunar fram á skýrslu. Ef tilmælum um lagfæringu á athugasemdum er ekki sinnt er eftirfylgni framkvæmd samkvæmt undirkafla 1.3.2. ´Eftirfylgni – þvingunaraðgerðir´ í skoðunarhandbók. Sé úrbótum ekki sinnt að liðnum lokafresti er gripið til aðgerða sbr. tl. 4. HD fylgir eftir reglubundnu eftirliti og FL viðbótareftirliti. HD/FL upplýsir yfirdýralækni (YD) um málið í tölvupósti og stofnar mál samkvæmt tl. 4.
4. Aðgerðir	Bréf / málakerfi	4. HD/FL stofnar mál með heitinu “ Áminning yfirdýralæknis“ með dýralækninn sem viðskiptavin og málalykli 4.12.3 (SKRA-107). YD er ábyrgðarmaður máls og FL og HD eru tengdir aðilar. Öll gögn máls og samskipti eru vistuð í málinu. YD skrifar bréf, sækir staðlaðan texta í sniðmát í málakerfi (Yfirdýralæknir – áminning) og veittur er frestur til andmæla. Skýrsla fylgir bréfi. Gögn send með t-pósti, í ábyrgðarpósti eða með öðrum sannanlegum hætti.
5. Mat á andmælum og ákvörðun	Ákvörðunarbréf / málakerfi	5. YD metur innsend andmæli áður en ákvörðun er tekin. Ákvörðun getur t.d. verið: að málið skuli fellt niður, nýr frestur veittur eða áminning veitt. YD skrifar ákvörðunarbréf sem sent er í ábyrgðarpósti og tölvupósti. Ef ný gögn eða upplýsingar berast er málið metið að nýju og ný ákvörðun tekin sé tilefni til.
6. Frágangur máls		6. YD lokar málinu og heldur skrá um dýralækna sem fengið hafa áminningu. Skráin er læst og í möppu Dýralæknar/Dýralæknamál á V-drifi